

## D Ó M U R

Héraðsdóms Reykjavíkur 5. desember í máli nr. S-1133/2006:

### Ákærvaldið

(*Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari*)

**gegn**

**Danielson Alves Sousa**

(*Brynjar Nielsson hrl.*)

Mál þetta sem dómtekið var 19. nóvember sl. er höfðað með ákæru Ríkissaksóknara útgefinni 10. júlí 2006 á hendur Danielson Alves Sousa, kt. 120482-2119, Nýbýlavegi 30, Kópavogi „fyrir kynferðisbrot, með því að hafa, í byrjun sumars 2005, í bifreiðinni YR-xxx, sem lagt hafði verið við ...skóla við ...veg í Reykjavík, með ofbeldi þröngvað A, kennitala [.....] til samræðis“.

Telur ákærvaldið þessa háttsemi varða við 194. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. lög nr. 40/1992 og krefst þess að ákærði verði dæmdur til refsingar.

Af hálfu A er þess krafist að ákærði verði dæmdur til greiðslu miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur auk vaxta og dráttarvaxta samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og til greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar.

Mál þetta var upphaflega dæmt með dómi héraðsdóms 22. nóvember 2006. Í þeim dómi var ákærði sýknaður af þeirri háttsemi sem honum var gefin að sök í ákæru, en með dómi Hæstaréttar frá 27. september 2007 var dómur héraðsdóms ómerktur. Með meirihlutaatkvæði dómsins var málinu vísað heim í hérað til meðferðar og dómálagningar að nýju, en í sératkvæði var málinu vísað heim til munnlegs málflutnings og dómsálagningar að nýju. Þar sem sömu dómara dæma mál þetta í héraði og kváðu upp dóminn frá 22. nóvember 2006, var ekki talin þörf á að ákærði og vitni yrðu á ný leidd fyrir dóminn, en munnlegur málflutningur látinn fram fara og málið einnig flutt með tilliti til 195. gr. almennra hegningarlaga.

Ákærði krefst sýknu af kröfum ákærvaldsins, en til vara vægustu refsingar sem lög leyfa. Þá krefst verjandi þess að bótakröfu verði vísað frá dómi. Einnig krefst verjandi ákærða málsvarnarlauna er greiðist úr ríkissjóði.

Málsatvik.

B, faðir A, lagði fram kæru hjá lögreglunni í Reykjavík 16. mars 2006, á hendur ákærða fyrir meint kynferðisbrot gegn dóttur hans. Hann kvað C hafa komið til sín og eiginkonu sinnar mánudaginn 13. mars 2006 og sagt þeim frá því að A hefði greint henni frá því að ákærði hefði nauðgað henni í bíl í lok maí eða byrjun júní árið 2005, við ...skóla. Hefði D, dóttir C, orðið vitni að nauðguninni, en ákærði hefði rekið hana út úr bifreiðinni.

Ákærði var fyrst yfirheyrður hjá lögreglu 17. mars 2006. Kvaðst hann einungis hafa haft aðgang að kremlitaðri Toyota Corollu og kvaðst aldrei hafa notað aðra bíla en þann bíl. Hann kvaðst ekki hafa hugmynd um hver A sé og hafi aldrei sofið hjá nokkurri stelpu við ...skóla. Ákærði var aftur yfirheyrður 14. júní 2006 og neitaði enn sök, en viðurkenndi að hann hefði einhverju sinni ekið bifreiðinni YR-xxx, sem er Volkswagen Golf, dökkblár. Þá kvaðst ákærði ekki þekkja A. Hann kvaðst vera vinur föður D, vinkonu A og kvað því útilokað að hann færi að vera með dóttur hans. Hann kvað D aldrei hafa stigið fæti inn í ofangreindan bíl.

Tæknideild lögreglunnar í Reykjavík skoðaði bifreiðina YR-xxx, 23. mars 2006, en um er að ræða Volkswagen Golf, árgerð 1992, bláa að lit, 5 dyra. Lífssýnaleit var gerð í aftursætum bifreiðarinnar og á áklæðum sem voru í aftursætum. Engin lífssýni fundust eða önnur álíka gögn sem ætla mátti að tengdust rannsókn málsins. Á báðum rúðum í vinstri afturhurð voru límdar einhvers konar filmur sem gerðu rúðurnar dökkar. Filman í stærrri glugganum hafði að miklum hluta verið fjarlægð en í minni rúðunni hafði lítill hluti filmunnar verið fjarlægður. Í hægri afturhurð voru engin ummerki um filmu, utan lítill filmubútur sem er sams konar filma og í rúðum á vinstri afturhurð. Þá var skoðað hvort vindskeið hefði einhvern tíma verið á bifreiðinni og kom í ljós að þvert yfir þak bifreiðarinnar var einhvers konar límfefni fast á þakinu.

Í málinu liggja frammi handskrifuð blöð, rituð af móður D, C, þar sem hún skráði niður frásögn A af atburðum þeim sem urðu tilefni ákæru í málinu.

Í skýrslu um réttarlæknisfræðilega skoðun frá neyðarmóttöku kemur fram að brotþoli hafi komið á neyðarmóttöku 17. mars 2006 kl. 17.30, skömmu eftir að aðstandendum hennar var kunnugt um málið. Hún hafi skýrt hjúkrunarfræðingi svo frá að hún hafi gist hjá vinkonu sinni í maí/júní 2005 og hafi ákærði boðið þeim vinkonum í bíltúr um hádegisbil á laugardegi. Hann hafi ekið með þær að ...skóla og rekið vinkonu hennar út. Ákærða hafi tekist að klæða brotþola úr að neðan, sett á sig smokk og sett hana ofan á sig. Hún hafi sagt að hún hefði frosið og grátið mikið. Í niðurstöðu læknis kemur fram að meyarhaft hafi verið rofið að hluta en að öðru leyti hafi skoðunin verið eðlileg. Stúlkan hefði að sögn sýnt fleiri kreppuviðbrögð, eins og einbeitingarskort og agavanda í skóla. Svefn og matarlyst hefðu breyst og hegðun hennar í samskiptum við fjölskyldu hefði breyst. Hún forðist að vera ein úti, sérstaklega eftir myrkur.

Í samantekt og álit í greinargerð Margrétar Magnúsdóttur sálfræðings frá 16. október 2006 kemur fram að A hafi á tímabilinu frá 19. apríl sótt 8 viðtöl til hennar. Viðtölin hafi leitt í ljós að hún glími við mikla vanlíðan sem oft megi sjá hjá þolendum kynferðisofbeldis. Hún uppfylli greiningarskilmerki felmtursröskunar og

áfallaröskunar. Hún hafi átt við einbeitingarörðugleika að stríða auk svefnörðugleika sem hvort tveggja hafi komið niður á námsárangri hennar. Skólasókn hennar hafi dalað verulega þar sem hún hafi oft ekki verið í stakk búin að mæta í skólann eftir svefnlausar nætur. Hún hafi verið verulega hrædd og kvíðin og ekki þorað að vera ein á ferli og ekki þorað að sækja ákveðna staði af ótta við að rekast á meintan geranda og/eða vini hans. Þetta hafi því skert verulega lífsgæði hennar. Hún tengi vanlíðan sína við meinta nauðgun sem hún kveðist hafa orðið fyrir og sem hún sjálf sjái ekki fyrir endann á. A sækji enn viðtalstíma hjá sálfræðingnum.

Í málinu hefur verið lögð fram skaðabótakrafa af hálfu B fyrir hönd A að fjárhæð 1.500.000 krónur að viðbættum dráttarvöxtum. Í kröfunni er vísað til þess að A hafi verið aðeins fjórtán ára gömul þegar brotið hafi átt sér stað og hafi það haft mikil áhrif á hennar andlegu líðan. Krafa um skaðabætur er studd við 170. gr. laga um meðferð opinberra mála nr. 19/1991 og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Verður nú rakinn framburður ákærða og vitna fyrir dómi við aðalmeðferð málsins.

*Ákærði* kvaðst ekki þekkja A og neitar sök. Hann kvaðst hins vegar þekkja D vinkonu hennar en hann hafi leigt íbúð af foreldrum hennar í átta mánuði árið 2002-2003. Hann hafi stundum séð D þegar faðir hennar kom til að ræða við sig. Kvað hann hana hafa gefið honum jólagjöf eitt árið. Ákærði kvaðst ekki hafa verið með D og vinkonum hennar. Hann kvað það rétt sem fram kæmi í lögregluskýrslu að hann hafi haft bifreiðina YR-xxx til umráða í eina viku árið 2004 eða 2005 en hún hafi verið í eigu annars manns. Sá maður hafi þekkt til D. Kannaðist hann við að hafa verið tekinn tvívegis réttindalaus á bifreiðinni. Hann kvaðst ekki hafa haft aðgang að lítilli svartri bifreið á þeim tíma er ákæran tekur til. Hins vegar hafi hann haft til umráða kremlitaða tveggja dyra Toyotu Corollu að hann taldi seinni hluta árs 2004. Hann kvað gælunafn sitt vera Kúdúk.

*Vitnið, A*, gaf fyrst skýrslu fyrir dómi 3. apríl 2006. Hún kvaðst hafa gist hjá vinkonu sinni, D, er ákærði hefði hringt í hana og spurt hvort hún vildi hitta hann. Vinkonurnar hafi hitt hann um ellefuleytið um morgun. Vitnið kvaðst ekki muna hversu langt væri síðan þetta gerðist, en kvaðst halda að það væri um ár síðan. Hann hafi beðið þær að setjast í aftursæti bifreiðarinnar og þær hafi gert það. Bíllinn hafi verið svartur. Hann hafi alltaf verið að segja við þær að hann gæti alveg „tekið þær báðar“ en hún hafi bara sagt nei. Síðan hafi ákærði ekið að ...skóla og þar hafi hann beðið D að fara út úr bifreiðinni, sem hún hafi gert. Síðan sagði hún orðrétt: „Já, og þá var hann eitthvað byrjaður að tala við mig og eitthvað þannig og svo man ég ekki einhvern veginn alveg þér að segja.“ Síðan hafi ákærði „allt í einu“ verið búinn að klæða vitnið úr skónum, en hún hafi „haldið sér í hurðina“. Síðan hafi ákærði allt í einu farið fram í bifreiðina „eða eitthvað og þá náði hann í smokkinn og eitthvað og þá fór ég aftur í skóna eða reyndi það“. Þá hafi ákærði einhvern veginn náð henni úr buxunum og öllu. Síðan hafi hann sagt henni að koma til sín. Spurð um hvort vitnið hafi gert það, sagði vitnið: „Nei eða þú veist sagði bara: Eigum við ekki að fara að ná í D, eða eitthvað, hann svaraði því ekki“. Spurð um það hvað svo hefði gerst sagði vitnið: „Tók mig og setti mig ofan á sig...Hann ýtti mér bara niður og byrjaði bara...að þú veist sofa hjá mér þótt ég vildi það ekki“. Orðrétt sagði vitnið: „Ég sagði bara, ég sagði nei og allt það...hann hélt bara áfram...“ Spurð um það gerðist síðan sagði vitnið: „Hann henti mér svona einhvern veginn ofan á bakið eða eitthvað og hélt hann áfram þá“. Síðan hafi

ákærði hætt og náð í D og ekið þær í Hagkaup og sagst ætla að ná í þær síðar, en ekki komið. Það hafi verið rigning, en þær hafi að lokum gengið heim. Vitnið kvað ákærða hafa náð í smokkinn í hanskahólfi bifreiðarinnar. Spurð um hvort hún vissi hvers vegna hann hafi hætt að hafa samfarir við vitnið kvaðst vitnið ekki vita það og kvaðst ekki vita hvort ákærða varð sáðlát.

Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða er hún var yngri, þar sem ákærði hafi þá alltaf verið að passa hana og vinkonu hennar, D.

Vitnið kvað ákærða hafa farið úr buxunum eftir að hann klæddi vitnið úr fötunum. Vitnið kvað D hafa verið rétt hjá bifreiðinni á meðan þessu fór fram og að hún hafi sagt vitninu að hún „hefði séð“. Spurð um það hvort ákærði hefði beitt vitnið valdi eða látið vitnið gera eitthvað, svaraði vitnið: „Nei hann lét mig ekki gera neitt, hann sagði mér bara að koma til sín og eitthvað þannig.“

Spurð um það hvort ákærði hefði haldið henni, svaraði vitnið: „Nei, hélt einhvern veginn svona hérna og ýtti mér niður.“ Þá kvaðst vitnið hafa meitt sig þegar ákærði togaði hana niður, hún hefði meitt sig í klofinu og í hendinni. Það hefði blætt úr klofinu. Vitnið kvað þetta hafa verið í fyrsta skiptið sem hún hafði samfarir.

Spurð um það hvort hún myndi hvernig ákærði hefði lagt hana á bakið, og hvort ákærði hefði sagt henni að gera það eða hvort hún hefði sjálf lagst á bakið, svaraði vitnið: „Ég reyndi alla vega að forða mér, þú veist, alveg upp við gluggann og síðan einhvern veginn sagði hann mér að leggjast á bakið og tók svona fæturna mína og bara einhvern veginn ýtti þeim þangað til að ég lá á bakinu en ég er ekki alveg 100% viss hvernig þetta var.“

Spurð um það hvort ákærði hefði þá verið ofan á henni sagði hún það ekki vera, hann hefði sett fæturna, „einhvern veginn upp í loftið“ og haft við hana mök þannig. Spurð um það hvort hún hafi reynt að fara út úr bílnum sagði vitnið: „Nei, eða jú, ég sagði alltaf svona eigum við ekki að fara að ná í D og allt svoleiðis“ en ákærði hafi ekki svarað.

Vitnið kvað bifreið ákærða hafa verið alveg svarta, og engar afturdyr hafi verið á henni og kvað þær vinkonurnar hafa þurft að stíga inn um framdyr bifreiðarinnar til að komast í aftursæti bifreiðarinnar.

Spurð um það hvenær hún hefði sagt D frá þessu, svaraði vitnið: „Þú veist, ég vissi strax að þú veist, þegar hérna að við vorum búin og þegar hann skildi okkur eftir þá sagði ég henni það og hún bara svona, ég man ekki hvað hún sagði en við ákváðum að leyndu þessu af því að ég gæti ekki talað um þetta, ég gæti ekki sagt mömmu frá þessu.“ Hún kvað ákærða ekki hafa beðið hana um að halda þessu leyndu. Þá kvað hún sér kunnugt um að D hafi sagt stóru systur sinni frá þessu, en sú þekki E sem sé fyrrverandi kærasta ákærða.

Vitnið kvað sér hafa líðið svo illa eftir þetta að hana hafi langað til að drepa sig. Hún hafi misst alla einbeitingu í skólanum og hafi tekið upp á því að prófa að reykja og drekka til að gleyma. Það „spóli stundum upp í hausnum“ á henni og þá líði henni „svo geðveikt illa“.

Vitnið kom aftur fyrir dóm við aðalmeðferð málsins og kvaðst muna að hafa gist hjá D, þegar ákærði hringdi, en hún kvaðst ekki muna hvort hann hringdi í hennar síma eða D. Vitnið kvaðst halda að ákærði hefði ekki vitað símanúmer sitt, en fyrir hefði komið að D hefði gefið öðrum símanúmer hennar. Vitnið kvaðst hafa þekkt ákærða og hefði hann verið besti vinur pabba D og þær hafi verið hrifnar af honum. Hún kvað þær einhvern tíma hafa gefið honum jólagjöf, og hann hafi verið góður vinur þeirra. Umrætt sinn hefði hann beðið þær að hitta sig og hafi þær vinkonur hitt hann við Krónuna. Þær hafi sest í aftursæti bifreiðarinnar, sem var Volkswagen Polo eða Golf, dökkblár eða svartur að lit. Engar græjur hafi verið í bílnum og kvað vitnið „F“, vin vinkonu D, hafa átt bílinn. Vitnið kvaðst ekki alveg muna hvort um var að ræða fjögurra dyra bíl eða þriggja dyra.

Vitnið kvað ákærða alltaf hafa verið „ofan í þeim“ og hafi hann stöðvað bifreiðina við ...skóla og sagt D að fara út úr bifreiðinni og hún hafi farið út. Áður en hann bað D að fara út úr bílnum hafi ákærði reynt við þær báðar og sagt að hann gæti „tekið þær báðar“. Hann hafi spurt hvort hann mætti snerta á þeim brjóstin. Hún kvaðst þó hafa haldið að hann vildi bara tala við hana, þegar D fór út úr bílnum. Svo hafi hann ekið bifreiðinni áfram og þar hefði ákærði sest í aftursæti bifreiðarinnar og reynt að fá vitnið til að „sofa hjá sér“. Einhvern veginn hafi ákærði náð henni úr fötunum, en vitnið kvaðst ekki muna hvernig hann gerði það. Fyrst hafi hann klætt hana úr skónum og síðan buxunum, en hann hafi ekki klætt hana úr bol eða peysu. Vitnið kvað ákærða hafa náð í smokk í hólfi frammi í bifreiðinni og tekið hann með þegar hann „færði sig yfir“. Vitnið sagði að ákærði hefði farið út úr bifreiðinni þegar hann færði sig yfir í aftursætið. Spurð um það hvort afturdyr hefðu þá verið á bifreiðinni svaraði vitnið: „Ég man það ekki, ég man ekki hvort það var fjögurra dyra bíll eða þriggja dyra bíll en mig minnir samt að það hafi verið þriggja dyra bíll.“ Spurð um það hvað gerðist eftir að ákærði kom aftur í til hennar kvað hún hann hafa tekið sig upp og látið hana liggja í sætinu. Spurð um það hvað gerðist svo, svaraði vitnið: „Hann byrjar að sofa hjá mér“. Vitnið kvað að sér hefði þótt það hrein martröð. Spurð um það hvort hún hefði gefið ákærða það til kynna, sagði vitnið: „Já, eða þú veist ég sagði bara svona, sagði honum að hætta þessu og fór bara eiginlega að gráta, og síðan hvað þetta var lengi. Mér fannst það vera vika eða eitthvað“. Síðar í skýrslutökunni var vitnið spurð um hvort hún hefði hrópað á hjálp eða látið ákærða vita með skýrum hætti að hún vildi þetta ekki. Sagði þá vitnið: „Ég sagði nei, og var alltaf að segja nei og að ég vildi fara til D. Ég er ekki með svo mikið sjálfstraust og hef aldrei verið með það. Þannig að ég vissi ekkert hvað ég átti að segja en ég sagði allavegana nei og eigum við ekki að fara til D og sagði honum líka að hætta. Svo hélt ég að hann mundi hætta af því að ég fór að gráta en hann gerði það ekki“. Vitnið var spurð að því hvort hún hefði reynt að komast út úr bílnum, þegar ákærði fór fram í og náði í smokkinn og kvaðst hún ekki hafa þorað það. Spurð um hvers vegna hún hefði ekki þorað það sagðist vitnið ekki vita það en hún hefði haldið sér í hurðina. Spurð um það hvort vitnið hefði reynt að berjast á móti þegar ákærði klæddi hana úr fötunum, sagðist hún hafa reynt að toga buxurnar aftur upp, en ákærði hefði tekið fastar í þær og klætt hana úr. Eftir að þessu lauk hefði ákærði byrjað að klæða sig og vitnið hafi spurt hvort hún mætti það líka og þá hafi þau farið að ná í D. Síðan hafi ákærði sagt að hann þyrfti að fara og þær hafi beðið við Krónuna, en ákærði hafi sagt við D að hann ætlaði að sækja þær. Ákærði hefði ekki komið og þær hefðu gengið heim. Vitnið var spurt að því hvað hún sagði við D er hún kom aftur inn í bifreiðina. Sagði þá vitnið að hún hefði ekki sagt neitt frá

þessu. Vitnið sagði: „Ég sagði bara að þetta hafi gerst, en ekkert svona“. Hún kvaðst hafa sagt D að þau hefðu bara sofð saman, en hún hefði ekki viljað segja D að samfarirnar hefðu verið gegn hennar vilja. Hún kvað D ekki hafa séð hana grátandi, hún hafi verið hætt að gráta þegar D kom aftur inn í bílinn. Vitnið kvað að sig hefði ekki langað til að tala um þetta og bara viljað gleyma þessu. Síðar hafi D sagt mömmu sinni, C, frá þessu, þar sem ákærði var fjölskylduvinur D. Eftir það hafi vitnið sagt C allt sem gerðist. Spurt um það hvort vitnið hefði meitt sig eitthvað, svaraði vitnið að þetta hafi verið í fyrsta skiptið sem hún hafði samfarir og hún hafi meitt sig þegar „hann fór inn“ og eftir á, þá hafi henni verið illt í maganum. Þá kvað vitnið að blætt hefði úr leggöngum hennar. Hún kvaðst ekki muna eftir því að hún hefði fengið marblett umrætt sinn.

Vitnið kvað að sér liði mun betur í dag en henni hefði liðið og kvað það vera eftir að hún fór í samtalsmeðferð til Margrétar sálfræðings. Hún kvað þó að stundum kæmu kaflar þar sem henni liði verr.

*Vitnið, B*, faðir A, gerði grein fyrir því að móðir D hefði skrifað bréf sem hefði að geyma framburð A um það sem gerðist. Hafi þetta orðið til þess að hún hafði samband við vitnið og vildi ræða það sem gerðist. Hafi hún þá afhent vitninu bréfið en hann kvaðst ekki hafa lesið það heldur afhent lögreglu það. Hann kvað A og D hafa verið mjög góðar vinkonur á þessu tímabili og hún hafi stundum gist hjá henni. Spurður um andlega líðan A kvað vitnið hafa velt fyrir sér hvers vegna henni hafi þegar í byrjun skólaárs byrjað að ganga illa með námið. Hún hafi verið uppstökk og hafi hann kennt gelgjunni um það. Sjálfsmat hennar hafi verið lítið og einbeitingarleysi gert vart við sig. Hún hafi viljað taka sig á en það hafi alltaf dottið upp fyrir. Lýsti hann D svo að hún hafi verið glaðlynd stúlka en kvað hana þó alla tíð hafa verið óframfærna. Til að mynda hafi hún ekki leitað eftir aðstoð í skólanum, þyrfti hún á henni að halda heldur hafi óskað eftir því að foreldrar hennar leituðu eftir aðstoðinni fyrir hennar hönd. Hún hafi hins vegar ekki tjáð sig mikið um persónuleg málefni við foreldra sína. Hún hafi ekki enn treyst sér til að ræða þetta mál við móður sína. Kvaðst vitnið ekki þekkja það hvernig samskipti hennar við hitt kynið væru. Vitnið kvað sér hafa verið ljóst, áður en þetta mál kom upp, að þörf hafi verið á því að hjálpa A. Hún hafi farið á sjálfstyrkingarnámskeið hjá Hinu húsinu og kvað vitnið þau foreldrana hafa verið mjög sátta við að hún reyndi að efla sjálfsmat sitt.

*Vitnið, G*, móðir A, kvaðst ekki hafa rætt þetta mál við hana. Hún kvað hana hafa sagt sér að ákærði leigði hjá foreldrum D, vinkonu hennar. Þær hafi verið mjög góðar vinkonur og A hafi stundum gist hjá henni. Eftir að þetta gerðist kvað vitnið sjá að hún væri alls ekki hamingjusöm og taugaveikluð. Hún svæfi illa, borðaði sama og ekkert og liði illa. Þá hafi henni hrakað í námi. Hún hafi leitað til sálfræðings hjá Barnahúsi vegna þessa. Vitnið lýsti A svo að hún væri mjög óframfærin og feimin að eðlisfari. Hafi þetta versnað eftir að mál þetta kom upp.

*Vitnið, D*, kvað atburði þá sem ákæra tekur til, hafa gerst að sumri til og kvaðst halda að það hafi verið um helgi. Vitnið kvað það rétt að A hefði gist hjá henni. Vitnið kvað A hafa þekkt ákærða áður en þetta gerðist, þar sem ákærði hefði búið fyrir neðan vitnið. Vitnið kvaðst muna eftir því að þær hefðu einhverju sinni gefið ákærða jólagjöf. Spurð um það hvers vegna þær fóru að hitta ákærða, kvaðst vitnið ekki muna hvernig og hvers vegna. Þegar rifjaður var upp framburður vitnisins í lögregluskýrslu, kvað vitnið ákærða hafa hringt í A og spurt hvort þær vildu hitta

hann og hafi vitnið sagt já, já. Vitnið kvað ákærða hafa haft símanúmerið hjá A, en kvaðst ekki alveg vita hvernig hann fékk símanúmerið hennar. Þær hafi farið og hitt ákærða við Krónuna. Ákærði hafi verið á dökkum bíl, ekki stórum og hafi bíllinn verið fjögurra dyra og svartar rúður aftur í. Þær hafi sest í aftursæti bifreiðarinnar og hafi ákærði ekið eitthvað og stöðvað bifreiðina hjá einhverjum skóla. Hafi þau verið að tala saman, en vitnið kvaðst ekki muna um hvað þau voru að tala. Síðan hafi ákærði spurt hvort vitnið vildi fara út úr bílnum og hafi þá vitnið horft á A, en hún hafi verið á svipinn eins og vitnið ætti ekki að fara út úr bílnum, eins og það væri rangt að vitnið færi út úr bílnum. Spurð um það hvort hún hafi reynt að fá A til að fara með sér út úr bílnum, sagði vitnið: „Nei, sko, þegar hann bað mig um að fara út úr bílnum, þá horfði ég sko og ég bara, ég spurði hana, ætlar þú að vera inni í bílnum. Hún eitthvað, hún svaraði mér ekki og eitthvað var eitthvað hérna, ég veit það ekki, geðveikt feimin og eitthvað.“ Spurð um það hvað vitnið héldi að myndi gerast þegar hún færi út úr bílnum, kvað vitnið að hún hefði ekki verið að spá í það að ákærði gerði A eitthvað og kvaðst ekki hafa trúað því að ákærði væri að gera A eitthvað rangt. Ákærði hafi ekki sagt hvers vegna vitnið hafi átt að fara út úr bílnum og hafi ákærði ekið aðeins áfram, en vitnið hafi þó séð bílstjórahlíð bílsins, og séð inn um rúður bifreiðarinnar. Vitnið hafi farið út úr bílnum og sest á hvítan vegg, sem sýndur sé sem blár steinveggur á bls. 5 í ljósmyndum þeim sem liggja frammi í dóminum. Bíllinn hafi verið á þeim stað sem merktur er með gulri ör á bls. 6. Vitnið hafi einnig séð ákærða færa sig í aftursætið og skömmu síðar hafi hún séð annan fótinn á A inn um rúðuna og þá hafi vitnið orðið hrædd og ekki vitað hvort hún ætti að hringja í einhvern. Síðan þegar þetta var búíð hafi ákærði ekið aftur til baka og vitnið farið aftur inn í bílinn. Ákærði hafi sagt við þær: „Ekki segja mömmu þinni og pabba“, en vitnið kvaðst hafa túlkað það þannig að þær mættu ekki segja frá því að þær hefðu hitt ákærða, þangað til A hafi farið að ræða um að henni væri illt í kynfærunum. Hafi þá A verið mjög þögul og „alla vega búin að vera að tárast geðveikt mikið“, því að hún hafi verið „geðveikt rauð í augunum og alltaf að nudda þau og eitthvað“. Ákærði hafi síðan skilið þær eftir hjá McDonalds og þær setið þar hjá ísbúðinni. Vitnið kvað A hafa sagt að henni væri illt í kynfærunum, en A hafi helst ekki viljað tala við vitnið. Vitnið kvað A hafa fengið að fara á salernið í ísbúðinni. Vitnið kvað ákærða hafa ætlað að ná í þær þangað, en hann hafi ekki gert það og hafi A helst ekki langað til að fara aftur með ákærða. Þær hafi svo gengið heim í grenjandi rigningu.

Er vitnið var spurt um það hvort ákærði hefði haft í frammi kynferðislegt tal, áður en vitnið fór út úr bílnum, sagði vitnið: „Já, það var eitthvað þú veist, eitthvað, ég man það ekki, hann var eitthvað, talandi um eitthvað, nei hann var, ég man ekki alveg eftir því...“ Þegar borinn var undir vitnið framburður hennar fyrir lögreglu að ákærði hefði sagt að þær væru ógeðslega sætar, sagði vitnið, að hann hefði verið að tala um eitthvað „threesome“ og vitnið hafi sagt neiiii, og A hafi sagt neiiii, og verið „geðveikt feimin“. Vitnið kvað A vera mjög feimna. Síðan hafi ákærði snúið sér að A og farið að tala við hana, en vitnið kvaðst ekki muna um hvað þau voru að tala. Vitnið kvaðst ekki vita hvort ákærði og A voru í fötunum inni í bílnum, en A hafi alla vega ekki verið í buxum, þegar vitnið sá fótinn á henni. Hún hafi þó verið í sokknum.

Vitnið var spurð hvort þær A hefðu rætt þetta eitthvað eftir á. Svaraði vitnið þá: „Ég var bara alltaf að spyrja, þú veist hvort eitthvað hefði gerst fyrir hana eða hvort henni liði illa og þá var hún alltaf að tala um að hann hafi verið að nauðga, ég man ekki hvort hún hafi verið að segja mér, að hann hafi nauðgað henni.“ Og síðan hafi

hún sagt henni nokkru eftir að þetta gerðist, hvað gerst hefði. Spurð um það hvort þær A hefðu rætt um að segja frá því sem hefði gerst svaraði vitnið: „Nei, jú, við vorum eitthvað byrjaðar að tala um það áður ... en síðan sögðum við bara frá þessu og ég byrjaði að segja mömmu minni frá þessu og pabba mínum.“ Þetta hafi verið um einu ári eftir atburðinn. Spurð um það hvers vegna þær hafi ekki sagt frá þessu fyrir, svaraði vitnið: „Ég veit það ekki, hún var alltaf bara aldrei, hún var bara hætt að tala um þetta og útilokaði þetta alveg bara, eins og þetta hefði aldrei gerst.“ Vitnið sagði þetta hafa haft þau áhrif á A að hún hefði orðið miklu feimnari og „down“. Vitnið staðfesti að sá framburður sem vitnið gaf hjá lögreglu væri réttur.

*Vitnið, H*, kvaðst þekkja ákærða, en hann hafi leigt hjá vitninu árið 2003, neðri hæð hússins þar sem vitnið bjó. D, dóttir vitnisins, hafi einnig þekkt ákærða, þar sem samgangur hafi verið þar á milli eins og um fjölskyldu væri að ræða. Vitnið kvað þær A hafa verið vinkonur og hafi hún stundum verið hjá vitninu og fjölskyldu hans. Vitnið kvaðst ekki muna eftir því að ákærði hefði einhvern tíma passað þær þegar þær voru yngri. Vitnið kvaðst ekki vita hvort einhver samskipti voru milli ákærða og A. Vitnið kvaðst hafa séð ákærða á bílnum Golf YR-xxx, dökkum að lit en kvaðst ekki geta sagt nákvæmlega til um hvenær hann sá ákærða á þeim bíl. Vitnið kvaðst einnig hafa það eftir öðrum að ákærði hefði verið á þessum bíl. Vitnið kvað litaðar rúður hafa verið aftur í og hafi bíllinn verið tveggja dyra, að því er vitnið minni.

*Vitnið, C*, kvaðst þekkja ákærða, þar sem hann hefði leigt hjá þeim hjónum árið 2003. Á þeim tíma hafi A komið á heimili vitnisins, enda hafi hún verið vinkona D, dóttur vitnisins. Vitnið kvað D oft hafa hitt ákærða, en vitnið kvaðst ekki vita hvort A hafi þekkt ákærða. Vitnið kvað A fyrst hafa sagt vitninu frá því sem gerst hefði. D hefði í fyrstu sagt vitninu frá því sem gerst hefði, að þær vinkonurnar hefðu farið með ákærða í bíl, en vitnið kvaðst ekki muna nákvæmlega hvað D sagði. Þó kvaðst vitnið muna að D hefði sagt að ákærði hefði tekið þær upp í bíl og þar hefði nauðgunin farið fram. Hafi þá vitnið sagt við D að hún ætti að spyrja A hvort hún vildi ekki ræða þetta við vitnið. Svo hafi A komið til vitnisins og sagt frá þessu. Vitnið kvað A hafa sagt að ákærði hefði beðið þær að hitta sig út við Krónuna. Þær hafi sest í aftursæti bifreiðarinnar og svo hefði ákærði ekið með þær að einhverju skólaplani. Þar hafi ákærði eitthvað farið að segja við þær og komið eitthvað við þær. Ákærði hafi spurt hvort þær vildu koma í „threesome“ eða að hann gæti tekið þær báðar. Svo hafi hann spurt D hvort hún vildi fara út úr bílnum. D hafi verið treg til, en þó farið út úr bílnum. Hafi þá ákærði ekið eitthvað í burtu. A hafi sagt vitninu að ákærði hefði „tekið eitthvað niður um sig og eitthvað togað til hennar að láta hana koma til sín og hafi hún neitað því og farið að gráta“. Það hefði endað með því að hann hefði togað í hana og tekið hana úr og „látið hana koma yfir sig“. Hún hefði grátið mikið og sagt bara nei. Hann hafi svo „lagt hana upp og lyft upp á henni bossanum“. Svo hefði hann hent smokknum sem hann var með út um gluggann.

Vitnið kvað handskrifuðu blöðin sem liggja frammi í réttinum vera þau blöð sem vitnið skrifaði frásögn A á. Vitnið kvaðst hafa reynt að skrifa jafnóðum niður það sem A sagði vitninu. Síðan hefði vitnið farið til foreldra A og látið þau hafa þessi blöð.

*Vitnið, Rannveig Pálsdóttir, læknir*, var spurð út í skoðun sína á A. Kvað hún meýjarhaft hafa verið rofið að hluta til og hafi sést að þar væri hrufoðtt svæði eins og eftir sár sem blætt hafi frá. Um það væru hins vegar skiptar skoðanir hvort það merkti að samfarir hefðu átti sér stað. Oftast nær væri sú raunin. Yfirgnæfandi líkur væru á því að meýjarhaft rofnaði að hluta eða öllu leyti við samfarir, sérstaklega óundirbúnar samfarir. Rifa í meýjarhaft gæti myndast á annan hátt, t.d. við iðkun íþróttanna eða notkun tíðartappa. Ekki væri sjálfgefið að meýjarhaft rofnaði að fullu við endurteknar samfarir. Kvað vitnið A hafa tjáð sér að hún hefði ekki haft samfarir eftir að atburðurinn átti sér stað. Þá kvað hún hana hafa tjáð sér að ákærði hafi haldið sér niðri og því hafi myndast mar á handleggjum. Hafi hún sýnt greinileg einkenni langvarandi streitu, eins og þyngdartap, einbeitingarskort í skóla, hræðslu við að vera ein í myrkri auk þess sem hún hafi dregið sig í hlé frá fjölskyldu sinni. Henni hafi verið létt eftir að málið kom upp á yfirborðið.

*Vitnið, Margrét K. Magnúsdóttir*, kvað A hafa verið í sálfræðimeðferð hjá henni. Hún lýsti ástandi hennar svo að hún hafi í fyrstu verið mjög óttaslegin en verið létt eftir að málið kom upp á yfirborðið. Henni hafi fundist mjög erfitt að ræða þetta mál. Kvað vitnið hana vera virka feimna og óörugga. Hún hafi tjáð sér að hún hafi ekki átt náin samskipti við stráka áður. Ekki hafi orðið mikil breyting á líðan hennar en sjálf segðist hún vonast til þess að geta byggt sig upp þegar þessu væri lokið. Hún kvað endurupplifun A hafa verið mjög sterka. Hún sæi atvikið fyrir sér og dreymdi það jafnframt. Hún hefði hliðrunareinkenni, þ.e. forðaðist umræðu tengda kynferðisafbrotum og ákveðna staði. Þá hafi hún stöðugt verið á varðbergi og hrædd við að vera ein á ferli.

*Vitnið, Þórir Ingvarsson lögreglumaður*, kvaðst hafa tekið skýrslu af A á rannsóknarstigi. Hann hafi sýnt henni mynd af bifreið sem ákærði hafði haft til umráða á þeim tíma sem um ræðir eftir að hún hafði með eigin orðum lýst bifreiðinni.

*Vitnið, Kristján Ingi Kristjánsson lögreglumaður*, kvað bifreiðina YR-xxx hafa verið haldlagða í Lundarbrekku. Hún hafi verið ógangfær og því fjarlægð með krana. Vitnið kvað að ekki hefði verið rætt við skráðan eiganda á þeim tíma sem um ræðir. Vitnið kvað ekki hafa farið fram sákbendingu enda hafi legið fyrir að ákærði hafi verið sá sem stúlkan kvað hafa brotið gegn sér. Hún hafi kallað hann Kúduk en ákærði hafi staðfest að hann gengi undir því gælunafni.

*Vitnið, Sólberg Svanur Bjarnason lögreglumaður*, var fyrst spurður að því hvar bifreiðin YR-xxx hafi verið haldlögð. Kvað hann að henni hefði verið lagt í bílastæði í Þverbrekku. Hún hafi verið skoðuð ítarlega og hafi að hans mati mátt sjá að „spoiler“ eða vindskeið hafi verið á bifreiðinni. Hafi verið límkítta á þakinu. Þá var vitninu sýnd ljósmynd úr gögnum málsins sem sýnir mælaborð bifreiðarinnar og kvaðst hann sjá að þar væri útvarp.

Niðurstaða.

Ákærði hefur neitað sök og kvaðst ekki þekkja brotþola.

Í málinu er fram komið að ákærði þekkti D, sem var besta vinkona brotþola, þar sem hann hafði leigt hjá foreldrum hennar um nokkurra mánaða skeið og var nokkur samgangur milli hans og fjölskyldu hennar, samkvæmt framburði vitnisins H. Vitnið, D, kvað ákærða hafa þekkt brotþola og samrýmist það framburði hennar sjálfrar. Þær báru báðar um að þær hefðu einhverju sinni gefið ákærða jólagjöf. Ákærði kvaðst sjálfur kannast við að hafa einhverju sinni fengið jólagjöf frá D. Þá er framburður þeirra D og brotþola samhljóða um aðdraganda þess að þær vinkonurnar fóru að hitta ákærða og um ökuferð þeirra að ...skóla. Einnig er framburður þeirra samhljóða um kynferðislegt tal ákærða við þær vinkonurnar inni í bílnum og um það að ákærði hefði ætlað að ná í þær er hann hafði skilið þær eftir við Krónuna. Þegar framangreint er virt er ótrúverðugur sá framburður ákærða að hann þekkti ekki brotþola og hefði ekki hugmynd um hver hún væri.

Þá er fram komið í málinu að ákærði hafði aðgang að bílnum YR-xxx, sem er dökkblár 5 dyra Volkswagen Golf, en ákærði hafði í fyrstu neitað því hjá lögreglu að hann hefði haft aðgang að annarri bifreið en kremlitaðri Toyota Corolla. Rýrir þetta einnig trúverðugleika framburðar ákærða, en bæði D og brotþoli hafa borið um það fyrir dómi að ákærði hefði umrætt sinn ekið dökkbláum eða dökkum bíl. Brotþoli bar um það fyrir dómi, er hún var fyrst yfirheyrð, að bill ákærða hefði verið tveggja dyra, en við aðalmeðferð málsins kvaðst hún ekki muna hvort bifreiðin hefði verið tveggja dyra eða fimm dyra. Vitnið, D, kvað bílinn hafa verið „fjögurra dyra“. Jafnvel þótt það sé í ljósi framangreinds ósannað hvaða bifreið ákærði ók umrætt sinn, er framburður stúlkanna tveggja trúverðugur um að ákærði hefði hitt stúlkurnar og ekið með þær í dökkri, lítilli bifreið og lagt henni við ...skóla.

Fyrir dómi bar vitnið, D, að hún hefði spurt brotþola, A, að því, áður en hún fór út úr bifreiðinni hvort hún ætlaði að vera áfram inni í bílnum. Hefði hún ekki svarað neinu, en verið „geðveikt feimin og eitthvað“.

Brotþoli bar fyrir dómi 3. apríl 2006 að eftir að D fór út úr bílnum hefði ákærði „einvern veginn náð henni úr skóm og buxum“. Ákærði hafi „allt í einu farið fram í eða eitthvað og þá náði hann í smokkinn eða eitthvað“. Eftir að hann hefði sett á sig smokkinn hefði hann beðið hana að koma til sín. Spurð um hvort hún hefði gert það, sagði hún: „Nei, eða þú veist sagði bara, eigum við ekki að fara að ná í D“.

Spurð um það hvort ákærði hefði beitt hana valdi, sagði hún: „Nei, hann lét mig ekki gera neitt hann sagði mér bara að koma til sín og eitthvað þannig.“ Spurð um það hvort hún hefði reynt að fara út úr bílnum svaraði hún: „Nei, eða jú, ég sagði alltaf svona, eigum við ekki að fara að ná í D“ en ákærði hefði ekki svarað.

Spurð um það fyrir dómi hvort hún hefði gefið ákærða til kynna að hún vildi ekki kynmökunum svaraði hún: „Já, eða þú veist, ég sagði bara svona, þú veist bara, sagði honum að hætta þessu og fór bara eiginlega að gráta“. Hún svaraði spurningum um hvort hún hefði hrópað á hjálp eða látið ákærða vita með skýrum hætti að hún vildi þetta ekki á eftirfarandi hátt: „Ég sagði nei og var alltaf að segja nei og að ég vildi fara til D. Ég er ekki með svo mikið sjálfstraust og hef aldrei verið það. Þannig að ég vissi ekkert hvað ég átti að segja en ég sagði allvegana nei og eigum við ekki að fara til D og sagði honum líka að hætta.“ Að kynmökunum loknum hefði ákærði

náð í D og ekið þeim að Krónunni, þar sem þær fóru út úr bifreiðinni og sagt að hann myndi sækja þær, en hann hefði hins vegar ekki komið. Spurð um það hvort hún hefði sagt D að ákærði hefði haft við hana samfarir gegn vilja hennar sagði hún að hún hefði sagt D að þau ákærði hefðu „sofið saman“ en hún hafi ekki viljað segja D að samfarirnar hefðu verið gegn hennar vilja.

Við mat á því hvort telja verði sannað að ákærði hafi umrætt sinn þröngvað A til samræðis með ofbeldi eða hótun um ofbeldi, verður að líta til þess að ekki nýtur neins við í málinu nema framburðar hennar og ákærða, enda lagði hún ekki fram kærú á hendur ákærða fyrr en ári eftir meinta nauðgun. Hann hefur alfarið neitað að þekkja stúlkuna, en eins og að ofan greinir er það mat dómsins að sá framburður ákærða sé ótrúverðugur. Þar sem úrlausn um sök ákærða ræðst samkvæmt þessu nær eingöngu af heildarmati á sönnunargildi framburðar stúlkunnar þarf að horfa sérstaklega til þess hvort þeir hnökrar eru á framburði hennar að rýrt geti trúverðugleika hans og sönnunargildi. Líta þarf til þess hvernig hann er fram borinn, hvort þar gætir misræmis, óskýrleika eða ónákvæmni. Jafnframt þarf að hafa í huga aldur stúlkunnar og orðfæri sem unglingar á hennar reki nota.

Það er mat dómsins að sú mynd sem brotaþoli gaf af sér við yfirheyrslur fyrir dómi sem óframfærinn unglingur með lítið sjálfstraust, samrýmist lýsingu foreldra hennar á skapgerð og persónueinkennum hennar. Framburður hennar var trúverðugur að því leyti, að dómurinn telur sannað að ákærði og hún hafi haft mök inni í bifreiðinni umrætt sinn. Fram hjá því verður hins vegar ekki litið að framburður hennar um mökin sjálf var oft mótsagnakenndur og ónákvæmur og að mati dómsins var framburður hennar um það hvort ákærði hefði þvingað hana til samræðis með ofbeldi eða hótun um ofbeldi of óljós til þess að á honum verði byggt um það. Því er ekki fram komin lögfull sönnun þess að ákærði hafi þröngvað A til samræðis með ofbeldi eða hótun um ofbeldi. Verður háttsemi ákærða því ekki heimfærð til 194. gr. almennra hegningarlaga. Það er engu að síður mat dómsins að framburður A sé trúverðugur um að mök við ákærða hafi verið gegn hennar vilja. Með tilliti til þess mikla aldurs-, þroska-, og aflsmunar, sem er á ákærða og A, sem og í ljósi þeirra aðstæðna sem stúlkan var í, er mökin fóru fram, er það mat dómsins að ákærði hafi komið fram vilja sínum með ólögmati nauðung eins og lýst var í þágildandi ákvæði 195. gr. almennra hegningarlaga nr. 19/1940, sbr. 1. mgr. 194. gr. lagaanna eins og þeim var breytt með 3. gr. laga nr. 61/2007. Ber samkvæmt framangreindu að færa háttsemi ákærða undir það lagaákvæði og er ákærði sakfelldur samkvæmt því. Var málið einnig flutt með hliðsjón af heimfærslu til þess lagaákvæðis.

Ákvörðun refsingar.

Samkvæmt sakavottorði ákærða gekkst hann undir greiðslu sektar vegna líkamsárásár með viðurlagaákvörðun 5. júní 2002. Hann hlaut 15 mánaða fangelsisdóm, 28. janúar 2003, fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga, en hlaut reynslulausn 22. ágúst 2003, í 1 ár á 149 daga eftirstöðvum refsingar. Hann var dæmdur í 8 mánaða fangelsi, 22. febrúar 2005 fyrir brot gegn 2. mgr. 218. gr. almennra hegningarlaga og hlaut reynslulausn 14. apríl 2006 í 1 ár á 120 daga eftirstöðvum refsingar. Hann gekkst undir greiðslu 31.000 króna sektar 18. janúar 2006 vegna brots gegn ávana- og fíkniefnalögum og undir greiðslu 37.000 króna sektar 31. ágúst 2006 einnig vegna brots gegn ávana- og fíkniefnalögum. Samkvæmt framangreindu hefur ákærði tvisvar hlotið dóm fyrir

meiri háttar líkamsárás og ber að líta til þess við ákvörðun refsingar, en einnig til 1., 3. og 8. tl. 70. gr. almennra hegningarlaga. Með vísan til framangreinds er refsing ákærða ákveðin fangelsi í 18 mánuði, en vegna eðlis verknaðar ákærða eru ekki efni til að skilorðsbinda refsingu að neinu leyti.

#### Miskabótakrafa.

Í málinu hefur verið lögð fram skaðabótakrafa A. Krefst hún miskabóta að fjárhæð 1.500.000 krónur með vöxtum og dráttarvöxtum samkvæmt lögum nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu og til greiðslu kostnaðar vegna lögmannsaðstoðar. Er krafan byggð á því að brot ákærða hafi valdið A miska sem ákærði beri ábyrgð á samkvæmt 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993. Bætur fyrir miska skuli ákvarðaðar eftir því sem sanngjarnt þyki. Við mat á fjárhæð þeirra beri að líta til þess hversu alvarlegt brotið er, hvert sakarstig brotamanns er, hver huglæg upplifun brotþola er og til umfangs tjónsins. Bent er á að A hafi aðeins verið 14 ára gömul þegar brotið hafi átt sér stað og hafi komið fram í skýrslu hennar fyrir dómi að henni hefði liðið mjög illa eftir atburðinn, hún hefði misst einbeitingu í námi og liði enn mjög illa. Um lagarök er vísað til 170. gr. laga um meðferð opinberra mála svo og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993.

Samkvæmt framburði vitnisins Margrétar K. Magnúsdóttur sálfræðings, sem ritað hefur vottorð frá 16. október 2006, og liggur frammi í málinu, er endurupplifun A mjög sterk af atvikinu og kvað hún A sjá atvikið fyrir sér og dreyma það. Hún hefði hliðrunareinkenni, þ.e. forðaðist umræðu tengda kynferðisafbrotum og ákveðna staði.

Með vísan til niðurstöðu í refsipætti málsins og 26. gr. skaðabótalaga nr. 50/1993 þykir ákærði með háttsemi sinni hafa valdið brotþola miska og er ákærði skaðabótaskyldur gagnvart henni vegna þess. Ákærði misnotaði sér ungan aldur og reynsluleysi stúlkunnar og er verknaður hans til þess fallinn að valda henni sálrænum örðugleikum. Bætur til handa henni eru ákveðnar 900.000 krónur. Í framlagðri skaðabótakröfu er ekki tilgreindur upphafsdagur vaxta og tjónsdagur er óþekktur. Ljóst er af gögnum málsins að ákærða var birt miskabótakrafan 14. júní 2006. Með hliðsjón af ofangreindu verða því vextir ákveðnir með þeim hætti sem tilgreint er í dómsorði.

#### Sakarkostnaður.

Með vísan til 1. mgr. 165. gr. laga nr. 19/1991 greiði ákærði sakarkostnað málsins, 170.000 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Brynjars Nielssonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti og málsvarnarþóknun skipaðs réttargæslumanns, Margrétar Gunnlaugsdóttur héraðsdómslögmanns 50.000 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti.

Af hálfu ákæruvaldsins sótti málið Sigríður Elsa Kjartansdóttir saksóknari.

D ó m s o r ð:

Ákærði, Danielson Alves Sousa sæti fangelsi í 18 mánuði.

Ákærði greiði A 900.000 krónur með dráttarvöxtum samkvæmt 9. gr. laga nr. 38/2001 um vexti og verðtryggingu frá 14. júlí 2006 til greiðsludags.

Ákærði greiði sakarkostnað málsins, 170.000 krónur, þar með talin málsvarnarlaun skipaðs verjanda ákærða, Brynjars Níelssonar hæstaréttarlögmanns, 120.000 krónur og málsvarnarþóknun skipaðs réttargæslumanns, Margrétar Gunnlaugsdóttur héraðsdómslögmanns 50.000 krónur.

Ingveldur Einarsdóttir

Ásgeir Magnússon

Sigrún Guðmundsdóttir